

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 140/21*  
*komudagur 3.11.2011*


Kópavogur, 3. nóvember 2011

**Umsögn Marinós G. Njálssonar til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis vegna þingskjals nr. 9, 9. máls, 140. löggjafarþingi, 2011-2012.**  
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu (nr. 38/2001).

**Inngangur**

Undirritaður þakkar nefndinni fyrir að leita til sín eftir umsögn um þetta mál. Vonar hann að ritun þessarar umsagnar verði ekki eins mikil tímasóun og vinna sem fór í ritun umsagnar um þingskjal 225, 206. mál, 139. löggjafarþingi, (varð að lögum nr. 151/2010) reyndist vera, en efni þingskjals nr. 9 er einmitt veikburða tilraun til leiðréttingar á þeim óskapnaði sem kom út úr því máli. Því til rökstuðnings langar mig að birta sárameinfalt myndrit sem sýnir áhrif laga nr. 151/2010 á algengt áður gengistryggt lán.

**Greiðslubyrði**



Myndritið sýnir raunverulega sögu myntkórfuláns að upphæð 19,2 m.kr. tekið í janúar 2006 til 30 ára frá lántökudegi til apríl á síðasta ári. Ég get því miður ekki veitt mér þann lúxus um þessar mundir að leggja tíma í frekari útreikninga á þessu láni, en vilji nefndarsvið Alþingis kaupa af mér slíka vinnu, þá er ég tilbúinn að ganga í málið. Ég sé ekki ástæðu til að leggja fram í sjálfboðavinnu slíka útreikninga, þegar ýmist Alþingi, ráðuneyti eða aðrar opinberar stofnanir veigra sér ekki við að greiða minna hæfum einstaklingum fyrir að framkvæma slíka útreikninga sem standast ekki lágmarkskröfur um hlutleysi og fagmennsku.

Aftur að myndritinu. Það sýnir hvernig Alþingi féll í þá gryfju fyrir einu ári að halda að lög nr. 151/2010 fælu í sér réttarbót fyrir lántaka. Eins og lesa má úr umsögnum við frumvarpið að

lögnum, þá komust sjónarmið fjármálafyrirtækjanna eingöngu að í málsmeðferðinni. Aðvaranir frá umboðsmanni skuldara, talsmanni neytenda, Hagsmunasamtökum heimilanna, lögmönnum kröfuhafa (af öllum mönnum), Ásu Ólafsdóttur hjá Háskóla Íslands og fleiri aðilum voru látnar sem vindur um eyru þjóta. Sjálfur kom ég á fund efnahags- og skattanefndar föstudaginn 19. nóvember 2010 og varaði við skekkjunni sem fælist í afturvirkum áhrifum vaxta á áður gengistryggð lán. Myndritið sýnir það vel. Enda er reyndin sú, að greiðslubyrði lána sem hafa verið endurútreiknuð, hefur í mjög mörgum tilfellum aukist. Tek ég bara dæmi af sjálfum mér, þar sem höfuðstóll láns, sem tekið var á vordögum 2004 og upprunalega var 10 m.kr., hefur vissulega lækkað um 4-5 m.kr. en greiðslubyrðin hefur hækkað um fjórðung! Væru þegar greiddir gjalddagar látnir halda sér og seðlabankavextir eingöngu látnir gilda frá dómsuppkvaðningu í Hæstarétti, hvort heldur 16/6 eða 16/8 2010, þá lækkaði höfuðstóllinn um 8 m.kr. til viðbótar og greiðslubyrðin væri innan við helmingur þess sem hún er samkvæmt núverandi endurútreikningi. Samt væri hver gjalddagagreiðsla um 25% hærri en gert var ráð fyrir samkvæmt greiðsluáætlun.

Undirritaður vill benda á upplýsingar sem koma fram á bls. 30 í skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna sem lögð var fram í skjóli nætur í lok mars sl. En þar segir í umræðu um lögmæti gengistryggra lána:

Mat eignanna miðast við októbermánuð 2008 en á þeim tíma voru tugþúsundir gengistryggðra lána í bönkunum sem greitt var af og engum hafði blandast hugur um að væru gildir gerningar. Seðlabanki Íslands og FME höfðu látið þessar lánveitingar óátaldar og þær höfðu tíðkast um árabil. Um það leyti sem endanlega var gengið frá samningum við gömlu bankana heyrðust raddir um að gengistrygging lána kynni að vera ólögmæt. Það atriði var á þeim tíma umdeilt meðal lögfræðinga og algjörlega óraunhæft að meðhöndla öll slík lán sem ólögmæt í samningunum. **Bent var á að öll gengistryggð lán hefðu verið afskrifuð um meira en helming við yfirfærslu þeirra til nýju bankanna**, engin greining hefði farið fram á lánaskilmálum m.t.t. ólögmætis og þótt svo færi að hluti þeirra yrði metinn ógildur myndu ákvæði 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 leiða til þess að upphaflegur höfuðstóll yrði framreiknaður með óverðtryggðum vöxtum.

Er það með ólíkindum að Alþingi skuli hafa samþykkt fyrir tæpu ári að færa viðskiptabönkunum þremur að gjöf verulega hækkun höfuðstóls áður gengistryggðra lána, þegar ljóst var að þeir hefðu fengið lánin með helmings afskriftum frá gömlu hryggðarmynd sinni. Í þessu samhengi má einnig vísa til niðurstöðu Hæstaréttar í málum nr. 340 og 341/2011 sem úrskurðað var í föstudaginn 28. október sl., þ.e. varðandi forgang innstæðna í þrotabú fjármálafyrirtækja í slitameðferð. Í dómsorði máls nr. 340/2011 segir m.a.:

Áður er fram komið að hluti upphaflegra almennra kröfuhafa hefur selt kröfur sínar eftir 6. október 2008 og að þær hafi haft eitthvert fjárgildi í viðskiptum þótt óumdeilt sé að það hafi verið lágt. Um það nýtur ekki við nánari upplýsinga í málinu. Að öllu þessu virtu þykja sóknaraðilar ekki hafa rennt stoðum undir þær staðhæfingar sínar að kröfur þeirra hafi eða muni tapast að öllu leyti vegna setningar laga nr. 125/2008 þótt ókleift sé á þessu stigi að komast að niðurstöðu um hve mikið kunnir að fást greitt af þeim þegar upp verður staðið.

Með þessu er Hæstiréttur að segja, að þó kröfuréttur haldist, þá miðist sá réttur við kaupverð kröfunnar, en ekki þá upphæð sem hún stóð í hjá gamla bankanum. Lög nr. 151/2010 ganga því lengra til að vernda rétt þeirra kröfuhafa sem fengu afslátt á lánasöfnum, þ.e. nýju viðskiptabankanna, en Hæstiréttur segir að þessi réttur sé. Óumdeilt er samkvæmt úrskurði réttarins að kröfurétturinn er verndaður af stjórnarskránni, en upphæðin sem þannig er vernduð takmarkast

við þá tölu sem núverandi eigandi kröfunnar greiddi fyrir hana. Það þýðir að hluti þeirra aðila sem teljast samkvæmt ákvörðun FME eigendur lána sem áður báru ólöglega gengistryggingu á ekki lögvarinn rétt til fullrar upphæðar eins og lánið stóð hjá fyrri eiganda við innheimtu lánsins. Viðkomandi verður að sanna tjón sitt til að eiga lögvarinn rétt. **Fjármálafyrirtæki sem fékk helmingsafslátt af kröfu verður ekki fyrir tjóni nema að minna en helmingurinn fáist greiddur, þ.e. að ekki fáist greitt upp í lögvarinn kröfurétt fyrirtækisins.**

Undirritaður hefur lengir haldið þessari túlkun fram og gerði það m.a. fyrir efnahags- og skattanevnd fyrir sléttum 50 vikum. Nú hefur Hæstiréttur staðfest þennan lagaskilning minn. Rökin fyrir setningu laga nr. 151/2010 voru að Hæstiréttur hefði komið með úrskurð í máli nr. 471/2010 sem efnahags- og viðskiptaráðherra túlkaði mjög frjállega á þann hátt að nauðsynlegt væri að setja lög nr. 151/2010. Nú hefur Hæstiréttur komið með mjög skýran úrskurð um að kröfuréttur umfram upphæð sem greidd var fyrir kröfu sé ekki verndaður af stjórnarskrá, heldur eingöngu sá kröfuréttur sem byggður er á því að viðkomandi kröfuhafi verði fyrir fjárhagslegu tjóni við það að fá kröfuna ekki greidda þar sem ekki fæst upp í sannanlegan útlagðan kostnað kröfuhafans og (reikna ég með) framtíðargreiðsluflæðis kröfuhafans af þeirri upphæð í samræmi við skilmála skuldabréfsins.

### **Frumvarp á þingskjali nr. 9**

Banki sem fékk 50% afslátt af höfuðstóli kröfu á eingöngu lögvarða hagsmuni gangvart þessum 50% frá þeim degi sem hann eignast kröfuna. Slíkur réttur er ekki afturvirkur. Hæstiréttur kveður alveg skýrt úr um það í dómum sínum 28/10 sl. Er það í samræmi við ákvæði laga um neytendalán. Það gengur því gegn lögum, að Alþingi hafi í fyrra, og ætli að ítreka það núna, fært kröfuhöfum meiri rétt en þeir höfðu samkvæmt þágildandi lögum. Mótmaeli ég því að enn einu sinni eigi að veita fjármálafyrirtækjum rétt sem ganga gegn lögum um neytendalán og nú gegn niðurstöðu Hæstaréttar í málum nr. 340/2011 og 341/2011. Verð að viðurkenna, að ég hef ekki kannað hvort um þetta sé líka fjallað í málum nr. 300, 301, 310, 311, 312, 313 og 314/2011.

Í greinargerð með frumvarpinu segir:

..að sú fjárhæð sem þá stendur eftir verði vaxtareiknuð í samræmi við almennt vaxtaviðmið laga um vexti og verðtryggingu frá upphafi samningstímans..

Ég skoðaði gróflega dæmi um 10 m.kr. lán tekið árið 2004. (Er örlítið breytt lán sem ég tók sjálfur.) Alls hafa verið greiddar um 3 m.kr. í vexti og afborganir af því. Samkvæmt aðferð frumvarpsins verður höfuðstóll lánsins 7 m.kr., þegar allar greiðslur eru dregnar frá upprunalegum höfuðstóli, og síðan bætast hvorki meira né minna en 88,4% vextir ofan á, þ.e. 8,3% fyrir 2004 + 11,0% (2005) + 14,2% (2006) + 16,3% (2007) + 18,1% (2008) + 13,0% (2009) + 7,5% (2010) eða alls 88,4% og þá reikna ég enga vexti fyrir árið í ár. Eftirstöðvar lánsins standa því í 13,2 m.kr. plús/mínus eitthvað vegna þess að þetta eru grófir útreikningar. Séu gjalddagagreiðslur látnar halda sér og vextir SÍ taka við frá og með dómi Hæstaréttar 16. september 2010, þá breytist myndin. Um helmingur af gjalddagagreiðslum reyndist vera vextir, þ.e. afborganir voru því 1,5 m.kr. Um þriðjungur af vöxtunum reyndust ofteknir vextir umfram vanreiknaða miðað við að samningsvextir legðust á lán sem ekki tók breytingum miðað við gengi. Alls dragast því 2 m.kr. frá upprunalegum höfuðstól og 1 m.kr. er vextir til 16/9/2010 (allt gróflega áætlaðar tölur og afrúnaðar). Eftirstöðvar lánsins 16/9/2010 voru því 8 m.kr. og ofan á þá tölu leggjast 6% vextir til dagsins í dag. Uppreiknaðar eftirstöðvar eru því um 8,5 m.kr. samanborið við 13,2 m.kr. samkvæmt frumvarpinu. Mismunurinn er litlar 4,7 m.kr.

Mér er ómögulegt að skilja hvers vegna verið er að leggja til þessa afturvirkni vaxta. Í umsögn LOGOS lögmannsstofu, sem "er hópi kröfuhafa sem eiga kröfur gagnvart sumum föllnu íslensku bönkunum [...] til ráðgjafar", kemur margt áhugavert fram.

1. "Verði frumvarpið að lögum er ólíklegt að það verði til þess að setja niður deilur. Nær öruggt megi telja að það muni leiða til fjölda dómsmála milli fjármálastofnana og skuldara til að fá skorið úr óvissu.." Hér ratast þeim 100% rétt á. Lög 151/2010 hafa ekki sett niður deilur eða stuðlað að sátt. Fjöldi mála er á leið fyrir dómstóla og kvörtun hefur verið sendi til ESA og ESB.
2. "Þó réttur löggjafans sé fyrir hendi til að bregðast við réttaróvissu, [...] verður það best gert með víðtækari sátt allra aðila.." Alþingi ákvað að hunsað þessa ábendingu og valta í staðinn yfir skoðanir þeirra sem ekki voru í samræmi við skoðanir fjármálafyrirtækjanna.

Í athugasemd Ásu Ólafsdóttur hjá Háskóla Íslands er bent á þá staðreynd að þar sem "neytendur voru í góðri trú um að þeir hefðu greitt réttilega af lánum sínum, taldi ég [þ.e. Ása] að komast mætti að þeirri niðurstöðu að fjármálafyrirtæki ættu hér að standa við og efna þær tilkynningar sem þau hefðu gefið út við framkvæmd lánasamninganna, allt fram til þess að gengistryggingin var dæmd ólögmet." Svo heldur hún áfram:

"Við uppgjör lánasamninga milli neytenda og lánveitenda, þ.e.a.s. ef neytandi hefur greitt af lánum sínum samkvæmt ákvæðum upphaflegs lánasamnings, mætti því a.m.k. ekki líta svo á að neytendur hefðu vangreitt hluta afborgana."

Í umsögn umboðsmanns skuldara er gengið ennþá lengra. Fyrst segir:

Flest þau lán sem lögin ná til, eru neytendalán sbr. Lög um neytendalán og þær Evrópusambandsgerðir sem snúa að neytendavernd. Sú aðferðafræði sem lögð er til í frumvarpinu um endurútreikning þeirra lána virðist í veigamiklum atriðum ganga gegn þeim skyldum sem íslenska ríkið ber á grundvelli EES-samningsins.

Næst vil ég benda á það sem umboðsmaður segir um eignarréttinn:

Í því sambandi er ástæða til að benda á að komi til þess að einstaklingar verði í ljölfar endurútreiknings knúnir til að greiða hærri fjárhæðir en þeim er skylt samkvæmt samningi, felur það í sér skerðingu eignarréttar. .. Leiða má af því líkum að í því felist ólögmet eignaupptaka, en ekki hefur verið sýnt fram á að almannahagsmunir krefjist þess að slík eignaupptaka fram fram. Því er hugsanlegt að höfuðstólshækkningar eða bakreikningar til einstaklinga feli í sér bótaskyld brot, ekki einungis gegn eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, heldur einnig gegn skuldbindingum íslenska ríkisins að þjóðarétti.

Ég gæti vitnað í fleiri umsagnir, en læt það vera. Vil þó nefna að umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna er í fullu gildi, þar sem þingmál nr. 9 inniheldur alveg sömu brot gegn neytendarétti, þó svo að eitthvað sé verið að draga úr áhrifum brotanna.

Þeir þrír aðilar sem ég vitna í, eiga ýmist enga hagsmuni varðandi úrlausn þess máls sem um ræðir eða í besta falli óbeina. Hægt er því að segja að þessar umsagnir hafi talist koma frá hlutlausum aðilum. Svo merkilegt sem það er, þá taka þeir undir með Hagsmunasamtökum heimilanna og öðrum sem tóku stöðu með lántökum í þessu máli. Að stjórnarmeirihlutinn á Alþingi skyldi síðan kjósa að taka einhliða afstöðu með fjármálafyrirtækjum í þessu máli, fær mig til að velta fyrir mér, hvers vegna í ósköpunum ég er að eyða tíma mínum í að skrifa þessa umsögn eða aðrar sem sendar hafa verið

nefndarsviði Alþingis að ósk einstakra þingnefnda. Hingað til virðist helst sem stjórnarmeirihlutinn fylgi í blindi leiðbeiningu (eða á ég að segja fyrir mælum) frá Samtökum fjármálafyrirtækja eins og ekki sé til vottur af sjálfstæðri hugsun hjá viðkomandi þingmönnum. Menn trúa öllu sem SFF segir, þó margsannað sé að samtökin lifa í einhverjum sýndarveruleika þar sem svik, blekkingar, lögbrot, prettir, innherjasvik, markaðsmisnotkun og fleira þess háttar þykja eðlilegur þáttur í starfsemi fjármálafyrirtækja.

### **Breytingar á frumvarpstexta**

Ég legg til að gerð verði eftirfarandi breyting á texta frumvarpsins. Í stað orðanna:

Fjárhæðin sem eftir stendur skal vaxtareiknuð samkvæmt ákvæðum 1. mgr. og án þess að heimilt sé að leggja vexti við höfuðstólinn, sbr. 12. gr.

Komi nýr málslíður:

Fjárhæðin sem eftir stendur skal vaxtareiknuð frá síðasta greidda gjalddaga til 16. júní 2010 samkvæmt ákvæðum samnings, en frá tíma samkvæmt ákvæðum 4. gr.


Við þetta mætti bæta vangaveltum í tengslum við niðurstöðu Hæstaréttar í málum nr. 340 og 341/2011 um að kröfuhæð geti ekki verið hærri en sú upphæð sem kröfuhafi greiddi fyrir kröfuna, sé hann ekki upprunalegur kröfueigandi, að viðbættum vöxtum frá kaupdegi til 16. júní 2010. Þar sem það er flókið í útfærslu, þá sleppi ég því.

### **Lokaorð**

Þegar er búið að vísa til ESA og ESB kvörtun vegna laga nr. 151/2010. Sú kvörtun er í vinnslu og er niðurstöðu að vænta á næsta ári, ef ekki fyrr. Án þess að innihald kvörtunarinnar sé gerð opinber, þá byggir hún á því að Alþingi hafi brotið freklega á lántökum með setningu laga nr. 151/2010. Sú breyting sem lögð er til á þingskjali nr. 9 er vissulega tilraun til að milda áhrif laga nr. 151/2010, en er að mínu áliti áfram brot á neytendarétti. Tillaga mín, sem ég set fram að ofan, er tilraun til að laga lögin að neytendarétti. Fjármálafyrirtækin munu vafalaust halda því fram að þessi breyting valdi þeim fjárhagslegu tjóni, en í málum nr. 340 og 341/2011, þá kveður Hæstiréttur úr um að tjónsmat geti eingöngu tekið til þess sem núverandi kröfueigandi sannanlega greiddi fyrir kröfuna. Ekki sé hægt að kaupa kröfu með miklum afslætti og haldið því síðan fram að innheimtist ekkert umfram kaupverð, þá hafi við komandi orðið fyrir tjóni. Hið rétta er að hann varð að tækifæri til hagnaðar, sem fellur utan ákvæða stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttar.

Vissulega eru fjármálafyrirtæki, sem ekki hafa fengið ennþá neinn afslátt frá fyrri kennitölu sinni, þar sem engin slík kennitala er til. Þau eru samt bundin af dómum Hæstaréttar frá 16/6/2010 um að gengistrygging sé ólöglegt form verðtryggingar. En urðu þau fyrir tjóni eða bara glötuðum hagnaði? Svárið við því fæst ekki nema viðkomandi fjármálafyrirtæki veiti nákvæmar upplýsingar um hvernig þessi lán voru fjármögnuð og hvers kröfuhafar eru að krefjast í dag.

Kópavogur, 3.11. 2011



Marinó G. Njálsson